

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Menningarstyrkir og menningarstarfsemi á Vesturlandi 2005-2008

Unnið fyrir Menningarráð Vesturlands

Jón Rúnar Sveinsson

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst 2008

Efnisyfirlit

	bls.
Formáli	3
Helstu niðurstöður	4
Inngangur	5
Menntun og menning gegn byggðavandanum	6
Styrkveitingar Menningarráðs Vesturlands 2006-2008	7
Breytingar á fjölda menningarviðburða á Vesturlandi	12
Svör álitsgjafa um menningarpróun á Vesturlandi	16
Mat á árangri menningarstyrkja á Vesturlandi 2006-2008	21
Lokaorð	24
Heimildaskrá	25
Viðauki	26

Formáli

Á síðastliðnum vetri varð það að samkomulagi milli Menningarráðs Vesturlands og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst (RHB) að unnið skyldi mat á árangri af menningarsamningi sveitarfélaga á Vesturlandi við ríkisvaldið frá því síðla árs 2005. Skýrsla þessi inniheldur athugun þessa og greiningu sem unnin var af Jóni Rúnari Sveinssyni Fil. Lic. félagsfræðingi og sérfræðingi við RHB. Í skýrslunni er reynt að meta árangurinn með hliðsjón af nokkrum þáttum þar sem bæði eru skoðuð talnagögn og þau greind sem og meira eigindlegar nálganir. Það er ein meginniðurstaðna þessarar athugunar að þessi samningur hafi orðið til heilla og eflt menningarlíf á Vesturlandi. Fyrir hönd Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst er þeim viðmælendum sem leitað var til þakkað samstarfið sem og starfsfólki Menningarráðs Vesturlands sem var okkur innan handar við öflun nauðsynlegra gagna.

Bifröst í maí 2008,

Dr. Grétar Þór Eypórsson forstöðumaður RHB.

Helstu niðurstöður:

- *Meginniðurstaða árangursmatsins er sú, að menningarstarfsemi á Vesturlandi hafi eflst til muna undanfarin þrjú ár og að styrkveitingar Menningarráðs Vesturlands eigi umtalsveðan þátt í þeirri þróun.*
- Menningarráð Vesturlands hefur á árin 2006, 2007 og 2008 úthlutað alls 63,5 milljónum króna til menningarstyrkja.
- Menningarstyrkirnir dreifast tiltölulega jafnt milli einstakra svæða fjórðungsins og sá munur sem var til staðar minnkaði 2008.
- Tónlistaratburðir njóta mests stuðnings Menningarráðs Vesturlands, sem endurspeglar þá staðreynd að tónlistarlíf er mjög öflugt í fjórðungnum. Á athugunartímabilinu óx þó hlutur margra annarra menningarþátta í styrkveitingunum, einkum menningartengdrar ferðabjónustu. Þá hafa einnig leiklist, safnastofnanir, heimildamyndagerð og menningarhátíðir notið góðs stuðnings.
- Talning menningarviðburða leiðir í ljós mjög mikla fjölgun viðburða frá 2005 til 2007 og einnig vaxandi fjölbreytni menningarstarfs Vestlendinga. Tónlistariðkun heldur sínum hlut og mikill vöxtur mældist á sviði leiklistar og atburðir á sviði menningartengdrar ferðabjónustu eru í talsverðri sókn. Nokkurs munar gætir milli svæða innan Vesturlands og reyndist fjöldi atburða í Borgarfirði mestur miðað við íbúafjölda. Að sama skapi leiddi talningin í ljós ívið færri atburði en svaraði til mannfjölda á Akranes-svæði og í Dölum. Úr þessum mun dró þó verulega á athugunartímabilinu, mest í Dölum.
- Hópur álitsgjafa sem leitað var til var sammála um að menningarstarf á Vesturlandi, bæði framboð menningaratburða og þátttaka Vestlendinga í menningariðkunum, hefði aukist. Gagnrýni kom þó fram þess efnis að hlutur bókmennningar væri of lítill og áhersla á fjölgun viðburða væri of mikil.
- Greiningaraðferðir þær sem beitt var við athugun þessa gefa þannig allar til kynna að menningarstarfsemi á Vesturlandi hafi eflst og aukist til mikilla muna á því tímabili sem tekið hefur verið til athugunar. Að mati Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst eiga styrkveitingar Menningarráðs Vesturlands til margvíslegrar menningarstarfsemi í Vestlendingafjórðungi umtalsverðan þátt í þessari aukningu.

Inngangur

Hér fer á eftir árangursmat sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst hefur framkvæmt á starfsemi Menningarráðs Vesturlands frá þeim tíma sem liðinn er frá skipun þess í desember 2005, sem gerðist í kjölfar þess að sveitarfélögin á Vesturlandi gerðu sérstakan menningarsamning við ríkisvaldið þann 28. október 2005. Árangursmatið er framkvæmt í samræmi við ákvæði í ofangreindum samningi, þess efnis að aðilum sé heimilt að framlengja samning sinn um tvö ár að loknu slíku mati og að það skuli framkvæmt vorið 2008.

Frá gerð menningarsamningsins fyrir Vesturland fyrir tveimur og hálfu ári síðan hefur Menningarráð Vesturlands úthlutað alls 183 menningarstyrkjum að fjárhæð samtals 63.490.000 króna. Um er að ræða þrjár úthlutanir, er fóru fram snemma á árunum 2006, 2007 og 2008.

Hinn yfirlýsti tilgangur menningarsamningsins er að efla menningarstarf á Vesturlandi og beina stuðningi ríkisins og sveitarfélaganna á Vesturlandi í einn farveg. Einnig er með samningnum stefnt að því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsröðun verkefna og aukið samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála. Sveitarfélögin á hinum fjórum samstarfssvæðum í fjórðungnum, (1) Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar, (2) Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar og Mýrasýslu, (3) Snæfellsnesi og (4) Döllum, hafa það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á Vesturlandi.

Styrkveitingar Menningarráðs Vesturlands skulu – samkvæmt þeim úthlutunarreglum sem það setti sér í upphafi – stuðla að:

- Samstarfi milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina.
- Nýsköpun í listum og menningarstarfi, með áherslu á verkefni sem miða að fjölgun starfa í viðkomandi byggðarlagi.
- Aðkomu ungs fólks að listum og menningu.
- Verkefni sem draga fram sérstöðu svæða innan fjórðungsins.
- Aukningu á menningartengdri ferðaþjónustu.

Þá er einnig kveðið á um það að umsækjendur um styrki verði að hafa að baki sér fleiri fjárhagslega bakhjarla en Menningarráð Vesturland og að styrkir þess til hvers einstaks aðila geti aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi kostnaðar við viðkomandi verkefni (Menningarráð Vesturlands 2007: 12).

Menningarráð Vesturlands er skipað samtals 5 fulltrúum, fjórum frá hverju samstarfssvæði í fjórðungnum og einum fulltrúa sem skipaður er af SSV, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Formaður menningarráðs frá upphafi til nóvember 2007 var Helga Halldórsdóttir, en síðan þá hefur Jón Pálmi Pálsson gegnt stöðunni.

Sumarið 2006 var gengið frá ráðningu starfsmanns Menningarráðsins, Elísabetar Haraldsdóttur. Starfsemi Menningarráðs Vesturlands er til húsa hjá SSV í Borgarnesi.

Menntun og menning gegn byggðavandanum

Ekki þarf að tíunda áratuga langa umræðu um búferlaflutninga milli byggða landsins og það ójafnvægi í byggðapróun þess sem setti svo sterkan svip á alla þjóðfélagsþróun 20. aldar. Ef eitthvað er hefur þetta ójafnvægi heldur farið vaxandi í upphafi nýhafinnar 21. aldar. Lengst af hefur einnig gætt ýmissa viðbragða að hálfu samfélagsins til þess vinna gegn þeirri veikingu hinna dreifðari byggða landsins sem búferlaflutningarnir hafa haft í för með sér og mest allan tímenn sem liðinn er frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hefur að hálfu stjórnvalda verið rekin meðvituð og opinber byggðastefna.

Lengi vel má segja að byggðaaðgerðir hafi beinst að því að styrkja stöðu höfuðatvinnuvegar dreifbýlisins, sjávarútvegarins, auk þess sem sérstakt stoðkerfi hefur áratugum saman verið við lýði gagnvart hinna höfuðatvinnugrein landsbyggðarinnar, landbúnaðinum.

Auk þessa stoðhlutverks byggðaaðgerðanna, hefur íslensk byggðastefna, í það minnsta allar götur frá áttunda áratug 20. aldarinnar, í æ ríkari mæli beinst að nýsköpun í atvinnugreinum landsbyggðarinnar. Lengi framan af var einkum hugað að uppbyggingu minni iðnfyrirtækja og nýjungum í afurðavinnslu hinna hefðbundnu frumgreina á landsbyggðinni.

Á síðustu 10-15 árum hefur þó hér á landi, sem og víða um heim, orðið veruleg áherslubreyting – og að sumu leyti hugarfarsbreyting – í þá veru að nú er sífellt meira lagt upp úr þróun þeirra þátta sem teljast vera stoðir hins svonefnda þekkingarþjóðfélags, þegar hugað er að eflingu og framþróun landsvæða sem standa höllum fæti hvað snertir atvinnu- og byggðapróun. Þau tæki, sem stjórnvöld leggja sífellt meiri áherslu á við þróun landsvæða og atvinnulífs þeirra, eru því í stöðugt vaxandi mæli menntun og menning, þó vissulega eymi enn eftir af aðferðafræði fyrri áratuga í verulega umfangsmikilli uppbyggingu stóriðju og gerð nýrra vatnsaflsvirkjana á yfirstandandi misserum.

Áherslan á aukin menntunartækifæri á landsbyggðinni hefur nú þegar skilað sér í aukinni menntunarsókn ungs fólks og bættum möguleikum þess til þess að stunda nám á háskólastigi nærri sinni heimabyggð. Frá því að Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987 hafa alls bæst við þrjú háskólar og samtals níu háskóla- eða rannsóknasetur utan höfuðborgarsvæðisins. Þrjár af þessum tólf stofnunum eru staðsettar á Vesturlandi, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Háskólastetur Snæfellsness. Af háskólunum þremur er tvo að finna á Vesturlandi.¹

Tengd aukinni menntunarsókn landsbyggðarinnar er áherslan á frumkvöðla- og nýsköpunarstarf, þar sem nýjar mennta- og rannsóknarstofnanir gegna lykilhlutverk. Mikilvægur liður í frumkvöðlastarfi á landsbyggðinni hefur verið uppbygging ferðaþjónustu, sem í seinni tíð fellur æ oftast undir það sem nefnt er menningartengd ferðaþjónusta.

¹ Háskólinn á Bifröst varð til sem háskóli 1988 og Landbúnaðarháskóli Íslands með aðalaðsetur á Hvanneyri var stofnaður 2005.

Auk alls þess, sem hér hefur verið talið, er áhersla á eflingu menningarlífs á landsbyggðinni mikilvægur þáttur í endurnýjunar- og frumkvöðlahugsun okkar tíma. Er þar með komið að þeim þætti opinbers frumkvöðlastuðnings sem er viðfangsefni skýrslu þessarar.

Í þeirri stefnu í byggðamálum fyrir ári 1999-2001, sem Alþingi samþykkti í mars 1999, er skýrt tekið af skarið um mikilvægi menningar í eflingu byggða utan höfuðborgarsvæðisins. Í framhaldi af þessu skipaði svo þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, í febrúar árið 2000 sérstakan starfshóp um menningarmál á landsbyggðinni. Skýrsla starfshópsins var gefin út í október 2000 (Menntamálaráðuneytið 2000).

Meðal þess sem starfshópurinn lagði til (bls. 8) var að:

„Á grundvelli menningarstefnu verði fjárhagsgrunnur menningarstarfs í viðkomandi sveitarfélögum tryggður, m.a. með samningum við menntamálaráðuneyti“.

Á Vesturlandi hófst stefnumótun í menningarmálum landshlutans um það bil sem ný öld gekk í garð og árið 2002 sendu SSV ásamt Atvinnuráðgjöf Vesturland frá sér stefnumótunarskjal um markmið og leiðir í menningarmálum fjórðungsins. Auk atvinnuráðgjafarinnar komu að þessari vinnu hópur sveitarstjórnarfólks og menningarfrömuða sem tilnefnd voru af sveitarfélögunum til verksins (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi 2002).

Styrkveitingar Menningarráðs Vesturlands 2006-2008

Eftir undirritun menningarsamnings við ríkisvaldið í lok október 2005, var Menningarráð Vesturlands formlega skipað í desember 2005, eftir að undirritað hafði verið samkomulag um samstarf milli sveitarfélaganna á Vesturlandi um samstarf á menningarsviðinu. Eftir gagnlega kynnisför í ársbyrjun 2006, í því skyni að kynna sér starfsemi Menningarráðs Austurlands, sem starfað hefur frá 2001, var gengið frá stofnsamþykktum Menningarráðs Vesturlands, svo og reglum um úthlutanir fyrirhugaðra menningarstyrkja (Menningarráð Vesturlands 2007: 2).

Styrkir voru auglýstir í fyrsta sinn í mars 2006 og bárust 78 umsóknir um styrki. Fyrsta styrkúthlutunin fór svo fram í Landnámssetrinu í Borgarnesi þann 13. maí það ár. Veittir voru 73 styrkir til jafnmargra aðila að fjárhæð samtals 18.255.000 kr. Ljóst er því að flestir umsækjendur urðu aðnjótandi styrkveitinga, en styrkir urðu talsvert lægri en þær samtals 92 milljónir króna sem um var sótt. Árið 2007 bárust 104 styrkbeiðnir um samtals 88,2 milljónir króna. Við hátíðlega athöfn að Görðum á Akranesi þann 22. febrúar 2007 var úthlutað alls 53 styrkjum að fjárhæð samtals 22.985.000 kr. til 62 umsækjenda. Við athöfn í Vatnasafninu í Stykkishólmi á hlaupársdag 29. febrúar 2008 var svo menningarstyrkjum úthlutað í þriðja sinn og var úthlutað alls 66 styrkjum að fjárhæð 23.700.000 kr. til 64 aðila. Umsækjendur voru 133 og sótt var um samtals 105 milljónir (Menningarráð Vesturlands, heimasíða, Menningarráð Vesturlands 2007, 2008).

Í töflu 1 er sýnt hvernig styrkveitingarnar öll þrjú árin 2006, 2007 og 2008 skiptast eftir hinum einstöku samstarfssvæðum innan Vesturlands. Einnig er sýndur íbúafjöldi svæðanna eins og hann var þann 1. janúar 2008 og hvernig hann skiptist hlutfallslega milli þeirra.

Tafla 1
Styrkir Menningarráðs Vesturlands eftir svæðum
2006-2008

	2006	2007	2008	Öll árin	Íbúafjöldi (2008)
Fjárhæðir styrkja, kr.:					
Sameiginlegt	1.500.000	800.000	1.450.000	3.750.000	
Akranes-svæði	5.480.000	5.345.000	8.400.000	19.225.000	7.028
Borgarfjörður	4.475.000	6.740.000	5.200.000	16.415.000	3.802
Snæfellsnes	4.950.000	7.050.000	5.900.000	17.900.000	3.912
Dalir	1.850.000	1.600.000	2.750.000	6.200.000	710
Samtals	18.255.000	21.535.000	23.700.000	63.490.000	15.452
Hlutfallsleg skipting:					
Sameiginlegt	8,2	3,7	6,1	5,9	
Akranes-svæði	30,0	24,8	35,4	30,3	45,5
Borgarfjörður	24,5	31,3	21,9	25,9	24,6
Snæfellsnes	27,1	32,7	24,9	28,2	25,3
Dalir	10,1	7,4	11,6	9,8	4,6
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Fjárhæðir styrkja pr. íbúa:					
Akranes-svæði	780	761	1.195	2.735	
Borgarfjörður	1.177	1.773	1.368	4.317	
Snæfellsnes	1.265	1.802	1.508	4.576	
Dalir	2.606	2.254	3.873	8.732	
Allt Vesturland	1.181	1.394	1.534	4.109	

Alls hafa verið veittir 192 styrkir til 190 aðila að fjárhæð 63.490.000 króna þessi fyrstu þrjú starfsár Menningarráðs Vesturlands. Til verkefna sem ekki eru greinanleg eftir einstökum svæðum² fjórðungsins runnu alls um 3,8 milljónir króna árin þrjú, 2006, 2007 og 2008, sem svaraði til um 6% af heildarstyrkveitingunum.

Svæðið sunnan Skarðsheiðar, Akranes-svæðið,³ þar sem rúm 45% Vestlendinga bjuggu, reyndist öll árin njóta nokkru lægra hlutfalls menningarstyrkja en sem því svaraði. Lægst var það árið 2007, en tók svo stökk upp á við í nýafstaðinni úthlutun fyrir árið 2008, eða úr um 25% í rúm

² Dæmi um slíkt eru styrkir á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu öll þrjú árin til "All Senses", samstarfsvettvangs 17 ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi.

³ Svæðið í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar samanstendur nú, eftir hrinu sveitarfélagasameininga árið 2006, af tveimur sveitarfélögum, þ.e. Akranesi, þar sem 41,1% Vestlendinga býr og Hvalfjarðarsveit, þar sem 4,4% búa. Þar sem 90% íbúa svæðisins býr á Akranesi og áhrifa bæjarins gætir um allt svæðið er hér valin sú leið að nefna svæðið sunnan Skarðsheiðar Akranes-svæði.

35%. Borgarfjarðarsvæðið nýtur tiltölulega svipaðs hlutfalls styrkjanna og svarar til íbúafjölda, þó lækkaði hlutfall héraðsins umtalsvert milli ára 2007 og 2008, eða úr um 31% í um 22%. Snæfellsnes fékk öll þrjú árin í sinn hlut samanlagðar styrkjafjárhæðir sem víkja ekki svo mjög frá íbúahlutfalli svæðisins og er frávik Snæfellsness minnst hinna fjögurra samstarfssvæða á Vesturlandi. Mest er það hins vegar þegar kemur að Dölum, fámennasta héraði Vesturlands, sem að jafnaði fær í sinn hlut um helmingi hærri styrkfjárhæðir en svara til íbúafjöldans.

Varðandi fjárhæðir styrkja pr. íbúa er athyglisverðast að gefa gaum að samanteknum tölum fyrir öll þrjú úthlutunarárin. Í ljós kemur að meðalstyrkfjárhæð Menningarráðs Vesturlands er 4.109 krónur pr. íbúa og er meðaltal bæði Borgarfjarðar og Snæfellsness svipað þessu meðaltali, 4.317 í Borgarfirði og 4.576 á Snæfellsnesi. Stóru frávikin birtast hins vegar í meðaltali Akranes-svæðisins, 2.735 króna og Dala, 8.732 króna.

Í töflu 2 er sýnd dreifing menningarstyrkja á Vesturlandi eftir efnisflokkum menningarviðburða.

Tafla 2
Fjárhæðir styrkja Menningarráðs Vesturlands
eftir efnisflokkum menningarviðburða 2006-2008

	2006	%	2007	%	2008	%	Öll árin	%
	kr.		kr.		kr.		kr.	
Bókmenntir	150.000	0,8	-		-		150.000	0,2
Fornir hættir	750.000	4,1	1.600.000	7,4	1.300.000	5,5	3.650.000	5,7
Kvikmyndir	1.000.000	5,5	2.100.000	9,8	700.000	3,0	3.800.000	6,0
Leiklist	2.650.000	14,5	900.000	4,2	2.550.000	10,8	6.100.000	9,6
Myndlist	800.000	4,4	1.300.000	6,0	2.000.000	8,4	4.100.000	6,5
Menning	1.500.000	8,2	900.000	4,2	2.500.000	10,5	4.900.000	7,7
Menningartengd ferðapjónusta	2.150.000	11,8	3.740.000	17,4	3.900.000	16,5	9.790.000	15,4
Námskeiðahald	140.000	0,8	850.000	3,9	750.000	3,2	1.740.000	2,7
Safnastofnanir	2.440.000	13,4	250.000	1,2	3.350.000	14,1	6.040.000	9,5
Sýningar	250.000	1,4	400.000	1,9	2.250.000	9,5	2.900.000	4,6
Tónlist	4.325.000	23,7	8.695.000	40,4	4.400.000	18,6	17.420.000	27,4
Útgáfustarfsemi	1.650.000	9,0	-	-	-	-	1.650.000	2,6
Annað	450.000	2,5	800.000	3,7	-	-	1.250.000	2,0
Samtals	18.255.000	100,0	21.535.000	100,0	23.700.000	100,0	63.490.000	100,0

Ef lítið er til alls tímabilsins má sjá að það eru tónlistarburðir sem fá hæstu styrkfjárhæðirnar öll árin þrjú, eða 27,4% heildarstyrkfjárhæðanna, hæst 40,4% árið 2007. Árið 2008 minnkaði hlutur tónlistar verulega, niður í 18,6%, sem aðeins er lítið eitt hærri tala en þær um 17 milljóna króna en runnu til menningartengdrar ferðapjónustu árin 2007 og 2008. Hlutur menningartengdrar ferðapjónustu var sá næst hæsti ef allt þriggja ára tímabilið er skoðað, 15,4%. Þriðja og fjórða sæti í röð menningarþátta, með um 10% jafnaðarhlutfall 2006-2008

hvor, eru svo annars vegar leiklist og hins vegar starfsemi safnastofnana. Ef einstök ár er sérstaklega skoðuð kemur í ljós að styrkir til kvikmynda ná um 10% hlutfalli 2007 og að árið 2008 hækkar mjög styrktarhlutfall til ýmis konar sýninga; það fer úr 1,4% 2006 og 1,9% 2007 í 9,5% árið 2008.

Til viðbótar við þá greiningu sem gerð var á veitingu menningarstyrkja eftir menningarsviðum fyrir einstök ár var einnig kannað hvort vægi menningarþátta væri mismunandi eftir svæðum innan Vesturlands. Svo reyndist vera og er munurinn raunar á stundum verulegur. Í töflu 3 hér á eftir er þetta tekið saman fyrir öll þrjú úthlutunarárin, þar sem ekki þótti tilefni til að brjóta gögnin niður eftir árum.

Tafla 3
Fjárhæðir styrkja Menningarráðs Vesturlands allt tímabilið,
efnisflokkum menningarviðburða og landssvæðum

	Bók- menntir þús. kr.	Fornir hættir þús. kr.	Kvik- myndir þús. kr.	Leiklist þús. kr.	Myndlist þús. kr.	Menning þús. kr.	Menning- artengd ferða- mennska þús. kr.	Nám- skeiða- hald þús. kr.	Safna- stofnanir þús. kr.	Sýningar þús. kr.	Tónlist þús. kr.	Útgáfu- starf- semi þús. kr.	Annað þús. kr.	Samtals þús. kr.
Akranes- svæðið	150	1.000	-	1.250	2.550	1.050	2.600	540	1.490	2.000	6.145	450	-	19.225
Borgarfjörður	-	550	800	2.550	600	200	2.140	400	1.350	500	6.075	850	400	16.415
Snæfellsnes	-	200	2.700	2.300	450	1.800	2.100	800	2.200	400	4.100	250	600	17.900
Dalir	-	1.400	-	-	500	1.350	1.600	-	1.000	-	-	100	250	6.200
Óstaðsett	-	500	300	-	-	500	1.350	-	-	-	1.100	-	-	3.750
Samtals	150	3.650	3.800	6.100	4.100	4.900	9.790	1.740	6.040	2.900	17.420	1.650	1.250	63.490
	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
Akranes- svæðið	100,0	27,4	0,0	20,5	62,2	21,4	26,6	31,0	24,7	69,0	35,3	27,3	0,0	30,3
Borgarfjörður	0,0	15,1	21,1	41,8	14,6	4,1	21,9	23,0	22,4	17,2	34,9	51,5	32,0	25,9
Snæfellsnes	0,0	5,5	71,1	37,7	11,0	36,7	21,5	46,0	36,4	13,8	23,5	15,2	48,0	28,2
Dalir	0,0	38,4	0,0	0,0	12,2	27,6	16,3	0,0	16,6	0,0	0,0	6,1	20,0	9,8
Óstaðsett	0,0	13,7	7,9	0,0	0,0	10,2	13,8	0,0	0,0	0,0	6,3	0,0	0,0	5,9
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Rétt er að rifja upp (sjá töflu 1) að um 45% Vestlendinga bjuggu á Akranes-svæðinu, um 25% í Borgarfirði og á Snæfellsnesi og loks um 5% í Döllum.

Tafla 3 sýnir að varðandi skiptingu tónlistarstyrkja rann hlutfallslega hátt hlutfall, miðað við fólksfjölda, til Borgarfjarðar, á meðan ekkert styrktarfé rann til tónlistar í Dalasýslu. Á móti kemur að til Dalasýslu runnu hins vegar í ríkum mæli styrkir til menningarstarfsemi er tengist fornum háttum þjóðarinnar, þ.e. fornsögum eða fornum átrúnaði Íslendinga, svo og styrkir tengdir menningartengdri ferðaþjónustu og almennri menningarstarfsemi, svo sem menningarhátíðum.

Styrkir tengdir kvikmyndagerð runnu að mestu til Snæfellsness, í nokkrum mæli til Borgarfjarðar, en alls ekki til Akraness-svæðis og Dala. Aftur á móti var hlutur Akraness-svæðisins áberandi mestur hvað snertir styrki til myndlistar. Styrkir til leiklistar féllu hins vegar mest í hlut Borgfirðinga og einnig talsvert ríkulega til Snæfellinga. Styrkir til menningartengdrar ferðaþjónustu, runnu eins og áður sagði í tiltölulega ríkum mæli til Dala en í minna mæli en svaraði til mannfjölda til hinna svæðanna þriggja.

Í viðauka er birtur listi yfir allar úthlutanir menningarstyrkja Menningarráðs Vesturlands öll þrjú árin 2006, 2007 og 2008. Styrkjunum er raðað eftir efnisflokkum menningarpáttanna fyrir hvert ár um sig. Lesendum þessarar samantektar gefst þar kostur á að glöggva sig á þeirri flóru margvíslegrar menningarstarfsemi sem Vestlendingar leggja stund á og Menningarráð Vesturlands hefur veitt stuðning sinn.

Breytingar á fjölda menningarviðburða á Vesturlandi

Sem liður í árangursmati menningarviðburða á Vesturlandi var framkvæmd talning menningarviðburða í landshlutanum árin 2005, 2006 og 2007.⁴ Talning var gerð fyrir árið 2005, sem er síðasta heila árið fyrir upphaf starfsemi Menningarráðs Vesturlands, 2006, árið sem starfsemi Menningarráðs hófst og loks árið 2007 þegar áhrifa af styrkjum Menningarráðs ætti að vera farið að gæta í talsverðum, jafnvel verulegum, mæli.

Talning menningarviðburða á Vesturlandi var framkvæmd af Guðrúnu Ólafsdóttur, þjónustufulltrúa hjá Sambandi sveitarfélaga á Vesturlandi, í samráði við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.

Þær niðurstöður, sem framangreind talning leiddi í ljós eftir svæðum og bæjarfélögum, eru sýndar í töflu 4.

⁴ Talinn var fjöldi viðburða samkvæmt fréttum og auglýsingum í héraðsfréttablaðinu Skessuhorni.

Tafla 4
Menningaratburðir á Vesturlandi 2005, 2006 og 2007
eftir svæðum


	2005	2006	2007	Breyting 2005/2006	Breyting 2006/2007	Breyting 2005/2007
Akranes	(34)	(59)	(91)	(74%)	(54)	(168%)
Hvalfjarðarsveit	(1)	(4)	(6)	(300%)	(50)	(500%)
Akranes-svæði	35	63	97	80%	54%	177%
Borgarbyggð	85	127	191	49%	50%	125%
Grundarfjörður	(6)	(8)	(19)	(33%)	(138%)	(217%)
Ólafsvík	(0)	(0)	(4)	-	-	-
Snæfellsbær	(8)	(16)	(32)	(100%)	(100%)	(300%)
Stykkishólmur	(19)	(25)	(26)	(32%)	(4%)	(37%)
Eyja- og Miklaholtshr.	(1)	(0)	(1)	(-100%)	-	(0,0%)
Snæfellsnes	34	49	82	44%	67%	141%
Dalabyggð	2	3	12	50%	300%	500%
Óstaðsett	0	3	19	-	533%	-
Samtals	156	245	401	57%	64%	157%

Heildarfjöldi menningarviðburða á Vesturlandi hefur, svo sem sjá má, samkvæmt þeirri mæliaðferð sem notuð er, aukist mjög mikið á því tímabili sem hér er til skoðunar. Milli ára 2005 og 2007 varð þannig nálægt 160% aukning á fjölda menningarviðburða á Vesturlandi og 64% aukning milli ára 2006 og 2007.

Eftir svæðum innan fjórðungsins vikur þessi dreifing verulega frá hinni hlutfallslegu íbúaskiptingu sem fyrir hendi er, því um 50% talinna menningarviðburða öll árin þrjú áttu sér stað í Borgarbyggð (þar sem um 25% Vestlendinga búa), um 25% á Akranes-svæðinu (íbúahlutfall 45%), um 20% á Snæfellsnesi (íbúar um 25%) og 3% í Dalabyggð (íbúar um 5%). Verulegt frávik frá íbúahlutfalli var þannig til staðar hvað snertir atburðafjölda í Borgarbyggð og á Akranes-svæðinu. Af einstökum svæðum varð aukning viðburða minnst í Borgarbyggð, en var þó 125% milli 2005 og 2007. Dalir bæta mjög stöðu sína milli þessara ára, enda talan afar lág 2005. Ef litið er til einstakra staða má sjá einna mest áberandi fjölgun menningarviðburða á Akranesi, Grundarfirði og í Snæfellsbæ.

Mynd 1 hér á eftir sýnir aðalatriði töflu 4 í myndrænu formi.

Mynd 1. Menningaratburðir á Vesturlandi eftir svæðum



Í töflu 5 er eru sýndar niðurstöður talningar menningarviðburða á Vesturlandi 2005, 2006 og 2007 eftir mismunandi sviðum menningarstarfsemi.

Tafla 5
Menningaratburðir á Vesturlandi 2005, 2006 og 2007
eftir menningarsviðum

	2005	2006	2007	Breyting 2005/2006	Breyting 2006/2007	Breyting 2005/2007
Bókmenntir	8	7	5	-13%	-29%	-38%
Fundir, ráðstefnur, málþing	1	11	5	1000%	-55%	400%
Hátíðir	15	24	37	60%	54%	147%
Leiklist	24	42	91	75%	117%	279%
Myndlist	6	6	11	0%	83%	83%
Menningartengd ferðaþjónusta	0	1	12		1100%	
Opnanir, afhendingar, vígsluhátíðir, afmæli	4	11	31	175%	182%	675%
Safnastofnanir	0	0	9			
Sagna- og kveðskaparlist	2	7	3	250%	-57%	50%
Sýningar	7	6	20	-14%	233%	186%
Tónlist	77	110	147	43%	34%	91%
Annað	12	20	30	67%	50%	150%
Samtals	156	245	401	57%	64%	157%

Það blasir við að mikil aukning hefur orðið á menningarstarsemi Vestlendinga á því tveggja ára tímabili sem hér er til athugunar. Alls er aukningin, eins og komið hefur fram, nær 160% á athugunartímabilinu. Jafnvel þó talning atburða samkvæmt fréttum og auglýsingum í helsta staðbundna fjölmiðli fjórðungsins sé e.t.v. ekki endanlegur mælikvarði í þessu efni, þá er vart nokkur vafi á því að veruleg uppsveifla hefur orðið hvað varðar fjölda menningarviðburða tímabilið 2005-2007.


Þær tölur sem fram koma í töflu 5 gefa hins vegar til kynna verulegan mun eftir því um hvaða einstaka menningarsvið er að ræða. Þannig hefur tónlistarburðum fjölgað minna en sem svarar meðalfjölguninni, sem auðvitað skýrist af því að tónlistin hafði þegar mjög sterka stöðu árið 2005, áður en aukin virkni varð á ýmsum öðrum sviðum, enda tónlistarburðir meginflokkur menningarviðburða á Vesturlandi öll árin þrjú. Ýmsum svæðis- eða bæjahátíðum fjölgar álíka mikið og meðalfjölgun atburða segir til um og sama má segja um sýningar, sem fjölgar mjög mikið milli áráanna 2006 og 2007. Hlutur myndlistar eykst minna en nemur meðaltalsaukningu allra menningarþátta, þó svo að veruleg aukning sé milli áráanna 2006 og 2007. Á því ári kemur – samkvæmt þeirri mæliaðferð sem hér er notuð – til sögunnar í fyrsta sinn nokkur fjöldi atburða í safnastofnunum fjórðungsins.

Það menningarsvið þar sem einna mest uppsveifla mælist er hins vegar leiklistin, þar sem atburðum fjölgar um meira en 100% milli áráanna 2006 og 2007. Einnig er um mjög mikla aukningu atburða að ræða sem tengjast einstökum atvikum á borð við opnanir og vígslur nýrra stofnana á sviði mennta- og mennigarmála, afhendingar styrkja og verðlauna og afmælishald félaga og stofnana.

Tvö menningarsvið standa þó að því er virðist utan þeirrar atburðaupsveiflu sem hér hefur verið lýst, þ.e. annars vegar bókmenntatengdir atburðir, sem virðist heldur fækka en hitt. Atburðum á sviði þjóðlegrar sagna- og kveðskaparlistar fækkar milli 2006 og 2007, eftir aukningu árið á undan. Hafa verður þó í huga að öll árin er um lítinn fjölda atburða að ræða.

Mynd 2 hér á eftir sýnir aðalatriði töflu 5.

Mynd 2. Menningarviðburðir á Vesturlandi eftir menningarsviðum



Svör álitsgjafa um menningarþróun á Vesturlandi

Auk þeirrar beinu tölulegu mælingar sem fram fór og lýst hefur verið í kaflanum hér á undan, var ákveðið að leita einnig eigindlegra upplýsinga með því að beina alls 6 spurningum til nokkurra sérvalinna álitsgjafa á Vesturlandi, einkum fólks sem starfar á sviði sveitarstjórna, stjórnarsýslu og menningarstarfs af ýmsu tagi. Alls var spurningum beint til 18 aðila og fengust svör frá 12 manns, flest í formi tölvupósts, en einnig var beitt símaviðtalsaðferð.⁵

Þeir álitsgjafar sem fengu spurningarnar 6 sendar í tölvupósti áttu það sameiginlegt að vera í forystu byggðarlaganna eða starfa á sviði menningarlífs á Vesturlandi.

Spurningarnar 6 voru svohljóðandi:

⁵ Fyrirmyndin af þessu er sótt til dr. Ívars Jónssonar, félagsfræðings, sem framkvæmt hefur árangursmat á starfi Menningarráðs Austurlands fyrir tímabilið 2001-2005. Hann beindi fimm spurningum til viðmælenda sinna og voru fjórar þeirra með breyttu orðalagi einnig notaðar hér (Ívar Jónsson 2007: 12). Til viðbótar var svo tveimur spurningum bætt við gagnvart hinum vestlensku álitsgjöfum.

1. *Telur þú að menningarstarf og framboð menningarviðburða hafi aukist eða minnkað á Vesturlandi, frá árinu 2005 að telja?*
2. *Á hvaða menningarsviðum telur þú að framboð hafi aukist eða minnkað?*
3. *Telur þú að þátttaka Vestlendinga í menningarstarfsemi hafi aukist eða minnkað síðan 2005?*
4. *Telur þú að aðsókn að menningaviðburðum á Vesturlandi hafi aukist eða minnkað síðan 2005?*
5. *Telur þú eitthvað mega betur fara í menningarstarfsemi á Vesturlandi frá því sem nú er?*
6. *Þekkir þú til nýrra félaga eða fyrirtækja á menningarsviðinu, sem stofnuð hafa verið síðan 2005?*

Fyrstu spurningunni, **hvort framboð menningarviðburða hefði aukist** á Vesturlandi frá árinu 2005, svöruðu álitsgjafarnir yfirleitt þannig, að framboð hefði í heildina aukist. Einn álitsgjafi úr Borgarfirði taldi þetta þó mismunandi eftir menningarsviðum í héraðinu og hefði framboðið minnkað á vissum sviðum. Annar nefndi að menningarframboð hefði aldrei verið meira í sínu bæjarfélagi, en taldi sig ekki geta lagt mat á stöðuna annars staðar. Einnig var nefnt að nú væri boði fjölbreyttari flóra viðburða en áður hefði verið.

Þegar nánar var spurt (spurning nr. 2) út í það **á hvaða sviðum menningarstarfs** á Vesturlandi hefðu orðið mestar breytingar hvað snerti framboð viðburða bárust fróðleg og upplýsandi svör. Þau eru birt hér efnislega, en þó talsvert dregin saman frá orðalagi álitsgjafanna.

Einn þeirra taldi framboðið hafa aukist mest á sviði leiklistar og tónleika og nefndi þar sérstaklega sýningar Landnámsseturs. Annar var á svipaðri skoðun og nefndi fyrst að tónlistarviðburðum hefði fjölgað. Hann tilgreindi aukna menningu meðal ungs fólks og framlag til verkefna eins og Sögumiðstöðvar, Landnámsseturs og Snorrastofu. Þá hafi styrkir einnig aukist til menningartengdrar ferðaþjónustu, svo og styrkir til kvikmyndagerðar. Þriðji álitsgjafinn nefndi til sögunnar nýja vaxtarbrodda, eins og í kvikmyndagerð og tónlistarhátíðir, sem hann taldi dafna vel.

Nefnt var af enn einum álitsgjafa að framboð hefði aukist á tónlistar- og leiklistarsviðinu, auk þess sem menningartengd ferðaþjónusta hefði verið að eflast, ekki hvað síst vegna tilkomu Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi. Þessi álitsgjafi taldi það aftur á móti vera áhyggjuefni hversu höllum fæti bókmenntir og myndlist stæðu á Vesturlandi. Þar hefði framboð hiklaust minnkað, þannig hefði Safnahús Borgarfjarðar á árum áður verið með reglulegar myndlistarsýningar sem nú bæri afskaplega lítið á. Þá hefði bókaútgáfa á svæðinu í raun verið skelfilega lítil.

Nefnt var að tónlist hafi alltaf verið blómleg á svæðinu, svo sem kórastarf en einstakir tónlistaratburðir hafi líka eflst, og var ÍsNord tónlistarhátíðin nefnd sem dæmi. Aðrar greinar, svo sem menningartengd ferðaþjónusta hafi verið að eflast í gegnum setur, söfn og sýningar af

ýmsu tagi, t.d. Landnámssetur og leiksýningar þar. Einnig var nefnt að það væri áberandi hvað menn væru í auknum mæli farnir að reyna að koma sínum menningarviðburðum betur á framfæri við alla Vestlendinga sem og aðra landsmenn.

Nefnt var einnig að grunnskólarnir hefðu sett upp frumsamda söngleiki, sem væri nýjung. Einnig mætti nefna óperusýningu (Sígaunabaróninn) í Borgarnesi og mjög fjölbreyttir tónleikar væru í boði og einnig væri aukning í samvinnu og samspili nemenda í tónlistarskólunum.

Þá kom fram sú skoðun að aukning hafi átt sér stað á mörgum sviðum, sem komi fram í meiri fjölbreytni viðburða, svo sem sýningum og tónleikahaldi. Þátttaka ungs fólks hafi einnig aukist, sem og einstakir listviðburðir, og sömuleiðis viðburðir og verkefni tengd þjóðarsögunni.

Loks taldi einn álitsgjafanna að ýmsir sögutengdir viðburðir, svo sem leikgerðir um persónur úr Egilssögu, hefðu haft mikil og víðtæk áhrif og verið væri að endurvekja sagnalist með ýmsum dagskrárliðum á Sagnaloftinu í Landnámssetrinu í Borgarnesi og í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði, jafnframt því að aukið starf væri að Eiríksstöðum í Dölum. Einnig mætti nefna söngleiki í grunnskólum svo sem í Grundaskóla á Akranesi og í Stykkishólmi og einnig hafi kvikmyndagerð aukist og kvikmyndahátíð sé nú haldin í Grundarfirði. Þessum álitsgjafa þótti hins vegar myndlistasýningum heldur hafa fækkað.

Í þriðju spurningunni er beint var til álitsgjafanna var spurt hvort þeir teldu **þátttöku Vestlendinga í menningarstarfsemi** hafi aukist eða minnkað síðan 2005. Flestir álitsgjafar töldu eindregið að hún hefði aukist. Einn aðili benti á það atriði að aukin peningaleg velsæld hefur áhrif til aukinnar neyslu menningar. Nefnd var aukin fjölbreytni þátttöku í menningarstarfsemi.

Einn álitsgjafanna taldi augljóst að þau fjölmörgu verkefni, er Menningarráð styrkir, hljóti að auka virkni á svæðinu. Vissulega væru nú ýmis verkefni styrkt, sem áður hefðu líklega verið greidd af sveitarfélögunum, svo sem uppsetningar grunnskóla á leikritum og söngleikjum.

Annar álitsgjafanna sagðist hins vegar ekki sjá að virkni Vestlendinga hafi aukist á umræddu tímabili, hún hafi lengi verið mikil. Sólahringurinn hafi hvorki lengst né vikudögunum fjölgað; þau 10 ár sem viðkomandi hafi búið á Vesturlandi hefði það vakið athygli hans hversu virkir íbúarnir væru á menningarsviðinu. Virkni megi kallast vera í hámarki og það eigi fyrst og fremst að vera markmið stjórnvalda að auka gæði þess sem gert er.

Fjórða spurningin til álitsgjafahópsins var þess efnis hvort **aðsókn að menningarviðburðum færi vaxandi eða minnkandi**. Aðeins einn álitsgjafanna taldi aðsókn svipaða og áður, einn nefndi aukningu í sinni heimabyggð en tjáði sig ekki um önnur byggðarlög. Einn sagði menningarviðburði nú sýnilegri en áður og því hefði aðsókn aukist. Annar álitsgjafi nefndi metfjöldu sýninga á bæði Sígaunabaróninum og Þíð munið hann Jörund sem dæmi um hina

auknu aðsókn. Enn annar taldi aðsókn hafa aukist að stærri viðburðum, en ekki að minna vinsælum, eins og t.d. tónleikum með nútímatónlist.

Loks taldi einn álitsgjafanna sig eiga erfitt með að taka af skarið um þetta efni, en hann hefði orðið þess áskynja að tónleikar væru ekki eins vel sóttir hin seinni ár og verið hefði. Þetta kynni þó að stafa af því að framboðið væri það mikið að menn kæmust ekki yfir að mæta. Hann sæi sífellt sama fólkið mæta á tónleika og lítið væri um ný andlit. Ungu fólkið sjáist ekki mikið á klassískum tónleikum. Aðsókn að leiksýningum virðist hins vegar vera mjög góð og uppselt á þær langt fram í tímann.

Í fimmtu spurningunni til álitsgjafanna var leitað eftir áliti þeirra á því hvað **mætti fara betur** í menningarstarfsemi á Vesturlandi. Í svörum komu fram ýmsar ábendingar og einnig nokkur gagnrýnisatriði. Þannig taldi einn álitsgjafi að svonefndar bæjarhátíðir væru í kreppeástandi og taldi að þær þyrfti að endurskoða frá grunni, t.d. með því að skerpa þematengdan brennipunkt og auglýsa hátíðirnar. Þá þótti svaranda að á Vesturlandi vantaði framsækna menningarhátíð á borð við "Aldrei fór ég suður" á Ísafirði. Annar álitsgjafi taldi að efla mætti bæði samheldni og samstarf í landshlutanum og fá líkar stofnanir til samvinnu. Nefndi hann sem dæmi söfnin sem sveitarfélögin eiga og reka að stórum hluta. Staðreyndin væri sú, að á Vesturlandi væru starfandi fáir listamenn og að frá þeim mættu koma fleiri styrkumsóknir til Menningarráðs. Einn álitsgjafanna nefndi sérstaklega að það vantaði meira fjármagn frá ríki, annars vegar til menningarstofnana og hins vegar til að styðja við ýmis konar verkefni.

Þá kom fram sú skoðun hjá einum álitsgjafanna að efla þyrfti gæði menningar á Vesturlandi, en draga úr því sem hann nefndi viðburðavæðingu. Engin skortur væri á viðburðum, en aðalatriðið væri að efla menningu í lífi hvers og eins og það væri ekki eingöngu gert með viðburðum. Menning snúist ekki einungis um að menn fari á einhvern stað til þess að upplifa eitthvað, heldur einnig það að menn kaupi bækur og lesi, skoði myndlist og kaupi sér til yndisauka á heimilum, hlusti á tónlist og læri á hljóðfæri. Þá væri mjög mikilvægt að styrkja útgáfu bóka og tónlistar, auk þess sem nauðsynlegt væri að koma upp myndlistargalleríi, t.d. í Borgarnesi. Efla þyrfti bókasöfn svæðisins og stuðla að aukinni notkun þeirra. Sú stefna Menningarráðs Vesturlands að styðja ekki við bakið á bókaútgáfu væri eitthvað sem þyrfti að breyta nú þegar.

Loks nefndi einn álitsgjafanna það atriði að stundum fyndust sér úthlutanir til menningarmála hafi farið að nokkru mæli til baka til sveitarfélaganna í verkefni tengd skólum og æskulýðsstarfi sem áður hefðu fallið undir rekstur skólanna. Einkaframtakið, frjálst og óháð ætti oft erfiðara uppdráttar. Álitsgjafinn sagðist vilja sjá stefnumótun til framtíðar, þar sem horft væri 5 ár fram í tímann og stutt myndarlega við einhverja uppbyggingu á hverju svæði.

Lokaspurningin sem beint var til álitsgjafanna var **hvort þeir þekktu til nýrra fyrirtækja á menningarsviðinu, sem stofnuð hafi verið síðan 2005**. Ekki kemur að óvart að Landnámssetrið í Borgarnesi var oftast nefnt í þessu sambandi.

Álitsgjafi nefndi Sögumiðstöðina í Grundarfirði, er stofnuð hefði verið um þetta leyti. Þá sé Mjólkursamlagið í Borgarnesi komið í starfsemi og þó það húsnæði væri kannski ekki fullunnið, þá hafi hundruð manna séð Sígaunabaráninn þar. Þá sé tónlistarsalurinn Tónberg á Akranesi algjör bylting í því bæjarfélagi og opni á mörg tækifæri á tónlistarsviðinu. Annar álitsgjafi nefndi Fossatún og ÍsNord í Borgarnesi og einnig væri nýr salur menntaskólans í Borgarnesi mikilsverður áfangi. Sá þriðji nefndi Vatnasafnið í Stykkishólmi og Leifssafn í Dölum sem opnar 2008. Einnig nefndi hann menningartengt fyrirtæki Sigurborgar K. Hannesdóttir og Inga Hans Jónssonar í Grundarfirði.

Loks sagði einn álitsgjafanna frá starfi All senses, sem er klasi í ferðapjónustu, stofnaður 2005, sem fengið hafi styrki frá Menningarráði til góðra verka, svo sem myndbandsgerðar um Vesturland. Þá hafi Steinar Berg Ísleifsson í Fossatúni hafið rekstur sama ár og standi fyrir tónleikum og hafi gefið út bók. Landnámssetur, Leifssafn í Dölunum, Veiðiminjasafn í Ferjukoti, Skrúðgarðurinn á Akranesi, Gömlu Húsin í Englendingavík í Borgarnesi hafi hýst sýningar, í Hraunsnefi í Norðurárdal hafi álfabyggðir verið merktar og skráðar, Askur og Embla vinni að heimildarmynd um Vesturfara og svo mætti lengi telja.

Mat á árangri menningarstyrkja á Vesturlandi 2006-2008

Svo sem fram hefur komið hér að framan námu styrkveitingar Menningarráðs Vesturlands um eða yfir 20 milljónum króna á ári hvert þeirra þriggja ára sem hér eru til meðferðar, alls 63,5 milljónum króna öll árin þrjú. Einnig ber að hafa í huga að styrkveitingar Menningarráðs eru háðar því að jafnhátt framlag komi til viðkomandi verkefnis frá öðrum aðilum. Hafi það gengið eftir hafa ríflega 40 milljónir árlega runnið til menningarmála í landsfjórðungnum, eða um 127 milljónir króna öll árin þrjú. Í einhverjum tilvikum kynni á þessum tíma að hafa dregið úr fjárveitingum sveitarfélaga eða annarra aðila eftir tilkomu hinna nýju styrkja, en eigi að síður er það ljóst að um verulega aukningu fjármagns til menningarmála á Vesturland er að ræða.

Til samræmis við þetta gefur talning sú á menningarviðburðum, er framkvæmd var vegna úttektar þessarar til kynna að menningarviðburðum **hafi fjölgað um hartnær 160% frá 2005 til 2007, úr rúmlega 150 menningarviðburðum 2005 í um 400 árið 2007**. Mikil aukning hefur orðið á sviði leiklistar og sýningarhalds og sömuleiðis færast atriði tengd menningartengdri ferðaþjónustu mjög í aukana árið 2007. Hins vegar fækkar bókmenntatengdum atburðum, það dregur úr funda- og ráðstefnuhaldi 2007 og á sviði myndlistar er minni fjölgun atburða, en á ýmsum öðrum sviðum. Nýlunda sem kemur til sögunnar eru ýmsir atburðir í safnastofnunum fjórðungsins. Mikil aukning er einnig á samkomum í tilefni opnana, afmæla, vígsluhátíða og verðlauna- og styrkjaafhendinga.

Öll árin er það þó tónlistin sem er mest áberandi. Hlutur hennar minnkar vissulega úr 49% allra atburða 2007 í 37% 2007, en þetta er þó ekki unnt að túlka sem afturför (fjölgun tónlistaratburða varð 91% á tímabilinu), heldur sem vott um þá staðreynd að fjölbreytni viðburða er orðin mun meiri 2007 en 2005 og menningarþættir, sem 2005 voru lítt áberandi, koma sterklega inn í menningarmynd Vesturlands árið 2007.

Talning menningarviðburða á Vesturlandi bendir því ótvírætt til verulegs uppgangs í menningarstarfsemi á Vesturlandi hvað snertir fjölda menningarviðburða. Að áliti álitsgjafa þeirra sem leitað var til, hefur virkni Vestlendinga – í samræmi við þetta – einnig aukist á menningarsviðinu, bæði aðsókn þeirra og viðvera þar sem menningarviðburðir fara fram og einnig virk þátttaka þeirra sjálfra. Meðal álitsgjafa heyrðust þó raddir um það sem menn nefndu „viðburðavæðingu“ og að bókmenning nyti sín ekki sem skyldi og bókaútgáfa mætti vera meiri.

Almennt séð er því ótvírætt hægt að tala um verulega uppsveiflu menningarstarfs á breiðum grundvelli á Vesturlandi, ef frá er talinn bókmenningar- og bókmenntaþátturinn. Þennan árangur ber í allríkum mæli að þakka tilkomu starfsemi Menningarráðs Vesturlands. Í því efni ber ekki einungis að líta beinna styrkúthlutana ráðsins, því auk fundahalda um menningarmál og ráðstefnuhalds um menningarmál hefur það átt þátt í að koma af stað nokkrum samstarfsverkefnum, svo sem við Tónlistarskólana á Vesturlandi um sköpun tækifæra fyrir

nemendur þeirra að koma list sinni á framfæri. Héldu tónlistarskólarnir sameiginlega tónleika að undangengnum sameiginlegum æfingum og varð úr þessu Tónvest hljómsveit, sem lék með nemendum frá öllu svæðinu (Menningarráð Vesturlands 2008).

Auk talningar menningarviðburða á umfjöllunartímabilinu er hér í þessari greinargerð að finna tölfræðilega greiningu á styrkveitingum Menningarráðs 2006, 2007 og 2008 eftir annars vegar skiptingu þeirra milli svæða innan fjórðungsins og hins vegar eftir menningarsviðum.

Skipting fjármagns milli svæða fjórðungsins virðist nokkuð jöfn ef öll árin þrjú eru tekin saman. Mismunar gætir þó nokkuð milli ára, þannig er hlutur Borgarfjarðar ríflægur árið 2007 og hlutur Akranes-svæðis á því ári talsvert minni en svarar til fólksfjölda þar (sjá töflu 1, bls. 8). Við úthlutun ársins 2008 réttist á hinn bóginn hlutur Akranes-svæðisins verulega. Þá er hlutur Dala í styrkveitingum talsvert meiri þegar á heildina er litið fyrir öll þrjú árin, en svarar til íbúafjölda þar, eða 9,8%. Á það er hins vegar að líta að segja má að þörfin á menningarstyrkjum hafi verið einna brýnust í Döllum, sem samkvæmt talningu okkar á menningarviðburðum hefur búið við mun fábreyttara menningarlíf en önnur svæði Vestlendingafjórðungs. Þá má benda á, að sé miðað fjölda styrkja í stað heildarfjárhæðir þeirra, reynist hlutur Dala ívið rýrari, eða 7,8% (15 af alls 192 styrkjum).

Skipting styrkjafjárins eftir menningarsviðum er mun breytilegri milli ára heldur en þegar svæðaskiptingin er skoðuð. Til tónlistar fóru þannig um 40% samanlagðra styrkfjárhæða í 2007; við úthlutun ársins 2008 var þetta hlutfall orðið lægra en 20%. Tónlist er eigi að síður sá menningarþáttur sem mestir fjármunir runnu til. Styrkveitingar til menningartengdrar ferðaþjónustu fóru stighækkandi öll árin þrjú og voru við úthlutun fyrir árið 2008 orðnar nær þær sömu og til tónlistar. Þá hafa styrkir til myndlistar farið stigvaxandi og verkefni tengd menningu eða bæjar- og menningarhátíðum hafa sömuleiðis notið vaxandi stuðnings. Eðlilegt verður að telja að fjárhæðir styrkja til mismunandi menningarsviða geti breyst talsvert milli ára, eftir því hvaða einstök svið kann að vera talið eðlilegt að styðja sérstaklega, til að mynda svið sem áður kunna að hafa notið fremur lítills stuðnings. Mat á styrkleika mismunandi menningarsviða getur án efa gefið góða leiðsögn um hvaða sviðum kann að vera æskilegt að gefa meiri gaum en öðrum við ákvarðanir um úthlutanir styrkja á hverju einstöku almanaksári.

Þeir tólf álitsgjafar sem svöruðu fyrirspurnum um menningarþróun á Vesturlandi eftir tilkomu styrkja Menningarráðs komu með ýmsar ábendingar sem vert er að draga sértaklega fram hér.

Álitsgjafarnir töldu sig almennt verða vara við aukið framboð menningarviðburða á Vesturlandi og sömuleiðis voru þeir á því að virkni vestlensks almennings í menningarstarfi og aðsókn hans að menningarviðburðum hefði aukist, sem er í góðu samræmi við niðurstöður talningarinnar á menningarviðburðum sem lýst hefur verið hér að framan.

Aðspurðir á hvaða sviðum menningarstarfið hefði aukist nefndu flestir tónlist og leiklist. Einnig var nefnd aukin menningariðkun ungs fólks, vaxandi menningartengd ferðaþjónusta og styrkir til kvikmyndagerðar. Hins vegar komu fram hjá einum álitsgjafa áhyggjur af því sem hann taldi slaka stöðu bókmennta og myndlistar á Vesturlandi, þar sem framboð hefði minnkað og bókaútgáfan á svæðinu væri í raun verið skelfilega lítil. Fleiri álitsgjafar töldu fækkun hafa orðið á myndlistarsýningum. Fleiri en einn álitsgjafi töldu hins vegar virkni ungs fólks hafa aukist, en það er einmitt eitt af stefnumiðum Menningarráðs (Menningarráð Vesturlands 2007: 12).

Álitsgjafar þeir er rætt var við bentu einnig á ýmis atriði sem betur mættu fara í menningarmálum á Vesturlandi. Einn þeirra taldi þannig að svonefndar bæjarhátíðir væru í kreppuástandi og taldi að þær þyrfti að endurskoða frá grunni, t.d. með því að skerpa þematengdan brennipunkt og auglýsa hátíðirnar meira. Þá þótti svaranda að á Vesturlandi vantaði framsækna menningarhátíð á borð við "Aldrei fór ég suður" á Ísafirði. Hjá öðrum álitsgjafa kom sú skoðun fram að efla þyrfti gæði menningar á Vesturlandi, en draga úr því sem hann nefndi viðburðavæðingu. Menning snúist ekki einungis um að menn fari á einhvern stað til þess að upplifa eitthvað, heldur einnig það að menn kaupi bækur og lesi, skoði myndlist og kaupi sér til yndisauka á heimilum, hlusti á tónlist og læri á hljóðfæri.

Þá var sú fjölgun fyrirtækja á menningarsviði sem hefur verið að eiga sér stað á Vesturlandi tíunduð af álitsgjöfum og var Landnámssetrið í Borgarnesi nefnt af flestum, en einnig voru talin til fyrirtæki, stofnanir og nýsköpunarframtak á borð við Sögumiðstöðina í Grundarfirði, Snorrastofu í Reykholti, tónlistarhátíðina ISNord, Tónlistarsalinn Tónberg á Akranesi, Vatnasafnið í Stykkishólmi, Fossatún, Leifssafn í Dölum, ferðaþjónustuklasann All Senses og Veiðiminjasafnið í Ferjukoti.

Við árangursmat þetta á áhrifum menningarstyrkja á Vesturlandi 2006-2008 hefur verið beitt þrenns konar nálgunum: Greiningu á dreifingu styrkjanna eftir svæðum og menningarsviðum, talningu menningarviðurða og spurningum til valinna álitsgjafa. Allar gefa þær til að menningarstafsemi á Vesturlandi hafi eflst og aukist til mikilla muna á því tímabili sem til hefur verið tekið til athugunar. Að mati Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst eiga styrkveitingar Menningarráðs Vesturlands til margvíslegrar menningarstarfsemi í Vestlendingafjórðungi umtalsverðan þátt í þessari aukningu.

Lokaorð

Vesturland stendur á gömlum merg sem menningarsvæði, raunar allt frá upphafi Íslandsbyggðar, sem sögusvið nokkurra helstu Íslendingasagnanna, svo sem Laxdælu, Eyrbyggju og Egilssögu og mesti sagnaritari Norðurlanda á miðöldum, Snorri Sturluson, átti uppruna sinn í Dölum og bjó og starfaði í Borgarfjarðarháéraði.

Á 20. öld átti sér stað traust uppbygging menntastofnana og menningarstarfsemi, sem síðan hefur náð að blómstra í enn ríkari mæli en áður á allra síðustu árum. Sem dæmi má nefna að Samvinnuskólinn á Bifröst og Bændaskólinn á Hvanneyri hafa endurskapað sig sem nútímalegar menntastofnanir á háskólastigi. Í Reykholti hefur Snorrastofa vaxið og dafnað og af fjölmörgum nýjum menningarsprotum á Vesturlandi er Landnámssetrið í Borgarnesi líklega sá sem mesta athygli hefur vakið.

Inn í þessa mynd af landsvæði, sem býr við vaxandi menningarlega auðlegð, hefur svo á síðustu þremur árum hafist sú nýja vökvun alhliða menningarstarfsemi landshlutans sem felst í starfsemi Menningarráðs Vesturlands. Sá árangur sem þetta frumkvæði ríkis og sveitarfélaga hefur haft fyrir samfélagsgerðina á Vesturlandi er nú þegar orðinn verulegur og lofar góðu um þann árangur sem mögulegt er að ná með framhaldi þessa starfs.

Heimildaskrá

Ívar Jónsson. (2001). *Árangursmat á samningi ríkisins og sveitarfélaganna á Austurlandi frá 14. maí 2001 og 15. mars 2005 um menningarmál*. Egilsstaðir.

Menningarráð Vesturlands. Heimasíða:

http://www.menningarviti.is/Default.asp?Sid_Id=27442&tId=99&Tre_Rod=&qsr

Menningarráð Vesturlands. (2007). *Aðalfundur Menningarráðs Vesturlands 2007*. Borgarnes.

Menningarráð Vesturlands. (2008). *Upplýsingar um úthlutanir menningarstyrkja í gagnagrunni*.

Menningarráð Vesturlands. (2008). *Ársskýrsla Menningarráðs Vesturlands 2007*. Borgarnes.

Menntamálaráðuneytið. (2000). *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni*.

Skýrslur og álitsgerðir 21. Reykjavík. (Sjá ennfremur: <http://bella.stjr.is/utgafur/menningarmal.pdf>).

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Atvinnuráðgjöf Vesturlands. (2002). *Stefnumótun í menningarmálum á Vesturlandi*. Borgarnes.

VIÐAUKI:

MENNINGARSTYRKIR 2006:

Bókmenntir:		Kr.
Leo Jóhannesson, Akranesi	Útgáfa á Harðar sögu	150.000
Fornir hættir:		
Hringhorn, Akranesi	Kynna og sýna lífshætti Íslendinga á víkingaöld	500.000
Jóhanna G. Harðardóttir, Hlésey	Heiðið hof á Hlésey	150.000
Jóhanna G. Harðardóttir/Jónína K. Berg	Gerð skemmtiefnis um landnámsmenn	100.000
Kvikmyndir:		
Dögg Mósesdóttir, Grundarfirði	Kvikmynd um sjóslys við Grundarfjörð	600.000
Askur og Embla, Borgarfirði	Heimildarmynd um vesturfara úr Borgarfirði	400.000
Leiklist:		
Landnámssetur Íslands í Borgarnesi	Leiksýning, Mr. Skallagrímsson og sagnamenn á sögulofti	1.200.000
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Listahátíð ungs fólks, listasmiðjur í Fjölbrautarskóla Snæfellinga	750.000
Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi	Uppsetning leikritsins Brúðkaup Tony og Tinu eftir Nancy Cassaro	350.000
Skagaleikflokkurinn	Uppsetning leikritsins Hlutskipti eftir Kristján Kristjánsson	350.000
Myndlist:		
Listasetrið Kirkjuhvoll, Akranesi	Myndlistarsýningar í Listasetrinu	650.000
Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar	Listasýning vegna sjómannaþingsins, samstarfsverkefni	150.000
Menningarhátíðir o.fl.:		
Héraðsnefnd Snæfellinga	Jules Verne hátíð, norðurslóðaverkefni	500.000
Leifshátíð á Eiríksstöðum	Þátttaka ungs fólks í Leifshátíð. Leiksýning o. fl.	500.000
Penna Sf	Listasmiðja fyrir börn í Tjarnarlundi, smiðja á Nýp á Skarðsströnd	500.000
Menningartengd ferðaþjónusta:		
All Senses ferðaþjónustuaðilar	Samstarf 17 ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi	900.000
Markaðsskrifstofa Akraness	Leiðsögn um gamla bæinn og ströndina, bekkir sem tala	500.000

Matarkistan á Erpsstöðum	Fullvinsla afurða á búi og menningartengd ferðapjónusta	500.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Frásagnir aldraðra Snæfellinga, unnið með Fjölbrautaskóla Snæfellinga	250.000
Námskeiðahald:		
Guðmundur Sigurðsson, Akranesi	Smiðja í járnsmíði, námskeið og sýningar	140.000
Safnastofnanir:		
Eyrbyggja sjálfseignastofnun, Grundarfirði	Rafrænt sýningarhald í sögumiðstöðinni	500.000
Byggðasafn Snæfellinga	Norska húsið, norðurslóðaáætlun, verslunarsaga við Breiðarfjörð	400.000
Safna- og menningarmálanefnd Stykkishólms	Systurnar í Hólminum. Sýning á munum og minjum St. Fransiskussystra	300.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Sjávardagar á safnasvæðinu á Görðum	250.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Sveitarómantík á safnasvæðinu Görðum	200.000
Landbúnaðarsafn Íslands, Hvanneyri	Safn um landbúnaðarsögu Íslands - til áframhaldandi þróunar	200.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Jóladagskrá á Safnasvæðinu	150.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Hagyrdingakvöld	120.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Skáldakynning á Vökudögum	100.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Ljóða og smásagnasamkeppni unga fólksins	70.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Spjaldvefnaður, námskeið	50.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Íslandsmeistaramóti í kleinubakstri	50.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	Kennsla í vattarsaumi	50.000
Sýningar:		
Íþróttabandalag Akraness	Ljósmyndasýning vegna 60 ára afmæli ÍA	250.000
Tónlist:		
Grundaskóli á Akranesi	Ungir og gamlir - tónlistardagskrá í Grundaskóla	1.000.000
IsNord tónlistarhátíð	Tónlistarhátíð í Borgarfirði í tengslum við Egilssögu	600.000
Kór Stykkishólmskirkju	Sumartónleikaröð	550.000
Samhljómur	Reykholts hátíð 2006	500.000
Kammerkór Vesturlands	Tónleikar, Bach í Borgarfirði	400.000
Steinsnar, Steinar Berg	Tónleikar um Jónsmessuna í Fossatúni í Borgarfirði	375.000
Tónlistarfélag Borgarfjarðar	Tónleikaröð	300.000
Sigurborg Leifsdóttir, Stykkishólmi	Minningartónleikar um Sigrúnu Jónsdóttur	250.000

Markaðsskrifstofa Akraness	Tónleikar með írskri þjóðlagatónlist	200.000
Ragnheiður Valdimarsdóttir	Hjaltsted tónleikar í Stykkishólmi og víðar	100.000
Bjartmar Hannesson, Norður Reykjum	Útgáfa geisladisks með textum um Borgfirðinga	50.000
Útgáfustarfsemi:		
Snorrastofa Reykholt	Útgáfa fjögurra bóka um sögu og menningu Borgarfjarðar	850.000
Uppheimar ehf, Akranesi	Rit um örnefni á Akranesi og Akrafjalli	250.000
Skátafélag Akraness	Rit um 80 ára sögu félagsins	200.000
Sjómann dagsblað Snæfellsbæjar	Söfnun heimilda um sjómennsku og fiskvinnslu	150.000
Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar	Ritröðin Safn til sögu Eyrarsveitar	100.000
Reynir Ingibjartsson / Fífilbrekka ehf	Útgáfa korta yfir Dalina	100.000
Annað:		
Guðbjörg Björnsdóttir, Sælingsdalstungu	Stofnun leirverkstæðis þar sem unnið er með Búðardalsleir	250.000
Páll Guðmundsson, Húsafelli	Höggmyndagarður Páls - til áframhaldandi þróunar	200.000

MENNINGARSTYRKIR 2007:

Fornir hættir:		
Grunnskólinn í Búðardal	Víkingaþorp	1.000.000
Heiðarskóli Hvalfjarðarhrepp	Sveinbjörn Beinteinsson, ásatrú	250.000
Norska húsið	Vettlingasýning og búningadagur	200.000
Ullarselið Hvanneyri	Kynning á ullarvinnslu	150.000
Kvikmyndir:		
Dögg Mósesdóttir	Kvikmyndahátíð Grundarfirði	700.000
Náttúrustofa Vesturlands	Fræðslumynd	700.000
Askur og Embla	Kvikmynd um Vesturfara	400.000
All senses/ Upplifðu allt	Kynningamyndband um Vesturland	300.000
Leiklist:		
Fjölbrautarskóli Snæfellinga	Saga og goðsagnir, leiksýning	500.000
Skagaleikflokkurinn	Salka Valka, leiksýning	400.000

Myndlist:		
Kirkjuhovoll, Akranesi	Listasýningar	300.000
Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar	Myndlistarsýning, Erró í Ólafsvík	300.000
Ólöf Erla, Kristín Erla	Mæðgur sýna leirlist á Vesturlandi	200.000
Sigríður Erla Guðmundsdóttir	Leirlist úr leir frá Fagradal, Skarðsströnd	200.000
Vestur Ísland-/ vestur Kanada	Ljósmyndasýningar	200.000
Hallgrímskirkja Saurbæ	Málverk og teikningar af séra Hallgrími Péturssyni, sýning í kirkjunni	100.000
Menningarhátíðir o.fl.:		
Snorrastofa Reykholti	Hallgrímur og samtíð hans	500.000
Lista og menninganefnd Snæfellsbæjar	Fjölmenningarhátíð	200.000
Margmenning	Margmenning í Borgarbyggð	200.000
Menningartengd ferðapjónusta:		
Einkunnir, Borgarnesi	Einkunnir, Borgarnesi, merkingar	500.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Sjónskífa á Saxhól	500.000
Ferjukot	Veiðiminjasafn og sýningar	490.000
Byggðasafnið að Görðum	Menningartengd ferðapjónusta	400.000
Landnámssetur Íslands	Menningarkvöld	400.000
Penna sf.	Listasmiðja, hátíðardagskrá um Stefán frá Hvítadal	400.000
Norska húsið	20 öldin í Norska húsinu	300.000
Heiðarskóli Hvalfjarðarhrepp	Menningardagskrá um séra Hallgrím Pétursson	250.000
Kvennfélagið Hringurinn	100 ára afmæli	200.000
Framfarafélag Snæfellsbæjar	Útgerðasaga Ólafsvíkur	150.000
Hestamannafélagið Dreyri	Menningartengt upplýsingamyndband	150.000
Námskeiðahald:		
Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar	Listasmiðja barna og unglunga	300.000
IsNord	Námskeið fyrir ungt fólk, flutningur	200.000
Outsiders' Art	Listasmiðja, samvinna Holland - Þýskaland	200.000
Sigurborg K. Hannesdóttir	Sagnanámskeið fyrir börn	150.000
Safnastofnanir:		
Safnahúsið Borgarnesi	Pourquoi Pas sýning	250.000

Sýningar:		
Ljósmyndasafn Akraness	Akranes í myndum frá 1960	200.000
Pakkhús Snæfellsbæjar	Menningarsöguleg ljósmyndasýning	200.000
Tónlist:		
Grunnskólinn í Stykkishólmi	Söngleikur, í samstarfi við tónlistarskóla	1.000.000
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	Sígaunabaróninn	1.000.000
Tónlistarskólinn Akranesi	Þjóðlagasveit	1.000.000
Samhljómur	Tónlistarhátíð í Reykholti	800.000
Kór Stykkishólmskirkju	Sumartónleikaröð	550.000
Grundaskóli, Akranesi	Söngleikur, Draumaleit	500.000
Grundaskóli, Akranesi	Ungir – gamlir, tónlistarverkefni	500.000
Guðrún Ingimarsdóttir	Tvennir tónleikar á Vesturlandi	400.000
IsNord tónlistarhátíð	Tónlistarhátíð um Hvítasunnuna	400.000
Hallgrímskirkja	Tónlistarflutningur, Megas o. fl.	395.000
Tónlistarfélag Borgarfjarðar	40 starfsár, hátíðartónleikar	250.000
Anna S. Þorvaldsdóttir	Frum samið kammerverk	200.000
Elísa Vilbergsdóttir, söngkona	Kynning á íslenskum tónskáldum, tónleikar	200.000
Félag atvinnulífsins, Grundarfirði	Rokklistamenn á fjölskylduhátíð	200.000
Herradeild PÓ, Akranesi	Tónleikar á Vökudögum	200.000
Markaðsdeild Akranesbæjar	Kátir voru karlar, tónlist á Hátíð hafsins	200.000
Tónlistarskóli Stykkishólms	Slagverksnemendur, samvinna	200.000
Freyjukórinn, Borgarfirði	Tónleikar, samvinna	150.000
Kammerkór Akraness	Tónleikaröð	150.000
Kammerkór Vesturlands	Tónleikar	150.000
Tónlist í Hallgrímskirkju	Heimafólk, tónleikar	150.000
Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar	Jólatónleikar	100.000
Annað:		
Eyrbyggja, Grundarfirði	Rafrænt sýningarhald	400.000
Landnámssetur Íslands	Hljóðleiðsögn	200.000
Norska húsið	Margmiðlun – hljóðleiðsögn	200.000

MENNINGARSTYRKIR 2008:**Fornir hættir:**

Snorrastofa Reykholti	Norræn goðafræði, uppsetning sýningar	500.000
		400.000
Víkingafélag í Dalabyggð	Námskeið í sagnahefð, handverki o. fl.	400.000

Kvikmyndir:

Dögg Mósedóttir	Kvikmyndahátíð í Grundarfirði	400.000
Dögg Mósedóttir	Heimildarmynd í fullri lengd	300.000

Leiklist:

Ungmennafélag Reykdæla	Þið munið hann Jörund	500.000
Leikklúbbur Fjölbrotarskóla Vesturlands	Algjör draumur	500.000
Gísli Einarsson	Einleikur Gísla, sagnahefð og kvikmyndagerð	450.000
Landnámssetrið Borgarnesi (tvö verkefni)	Leikritið um Brák, Sagnamannakeppni	400.000
Leikfélag Ólafsvíkur	Allt í plati	400.000
Vatnasafnið Stykkishólmi	Örlagasaga Evu Hjálmarsdóttur, fjöltækisýning ólíkra listgreina	300.000

Myndlist:

Listasetrið Kirkjuhvoli (tvö verkefni)	Listasýningar ársins og sýning frá ASÍ	650.000
Brekkubæjarskóli Akranesi	Skáld á Skaga, listsýning nemenda	400.000
Guttormur Jónsson	Grjótið aftur heim, listaverk á Akranesi	300.000
Hólar og Dalir	Myndlistaverkefni vítt og breitt um Dalabyggð	300.000
Borgfirskir utangarðslistamenn í Borgarnesi	Námskeið, erlend samvinna	200.000
Listasýning í Kirkjuhvoli á Akranesi	Listasýning sjö listamanna sem allir starfa við Brekkubæjarskóla	150.000

Menningarhátíðir o.fl.:

Sagnamiðstöð Íslands, Grundarfirði	Alþjóðleg sagnahátíð á Snæfellsnesi	1.000.000
Félag nýrra Íslendinga	Pólsk menningarhátíð	300.000
Penna sf	Málþing og hátíðardagskrá um Stein Steinar, Nýp, Skarðsströnd	200.000
Ólafsdalsfélagið	Ólafsdalshátíð sumarið 2008	150.000
Allt heimsins fólk	Þjóðhátíð á Akranesi	150.000

Gistihúsið Langholti	Vetrarglæður	100.000
Vinir Hallarinnar, Akranesi (fjögur verkefni)	Fjölbreyttar sýningar og nýjungar í Bíóhöllinni, Akranesi	600.000
Menningartengd ferðapjónusta:		
Akraneskaupstaður	Dagskrá um Jón Hreggviðsson	500.000
All senses	Að styrkja ímynd Vesturlands sem sögusvæðis	450.000
Akranesbær	Upplýsingaskilti, sögustaðir, listir, náttúrulíf o. fl.	400.000
Steinar Berg Ísleifsson	Sögusvið bókar	400.000
Ferðafélag Dalamanna	Merking sögustaða í Dalabyggð	400.000
Borgarbyggð	Hringsjá á Syðri-Einkunum	350.000
Sögufélag Dalamanna	Dalaskáldin þrjú, Minnisvarðar og söguskilti	300.000
Akraneskaupstaður	Hringsjá á Breið, Akranesi	300.000
Bjarnarhöfn	Ferðakynning	200.000
Menningarnefnd Snæfellsbæjar	Írskra brunnur, merkingar	200.000
Framfarafélag Snæfellsbæjar	Gönguleiðakort og merkingar	200.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Refir: Staðreyndir og sögur	100.000
Bjarteyjarsandur	Menning í Álfhóli Hvalfjarðarströnd	100.000
Námskeiðahald:		
Snæfellsbær	Listasmiðja og menningarhátíð barna og unglunga	350.000
Akraneskaupstaður	Listasmiðja sumarið 2008	200.000
Hvalfjarðarsveit	Listasmiðja í félagsheimilinu Fannahlíð	200.000
Safnastofnanir:		
Framkvæmdarnefnd Leifssafns í Döllum	Upplýsingalandakort um víkingatímamann, í væntanlegu Eiríkssafni	1.000.000
Norska húsið Stykkishólmi (fjögur verkefni)	Listasýningar og fornir hættir	800.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	Sýningin "Börn í 100 ár"	500.000
Byggðasafnið Görðum	Námskeið og merkingar menningarminja	450.000
Landbúnaðarsafn Íslands, Hvanneyri (tvö verkefni)	Dráttarvéladagurinn og Tröðin, fræðslu og minjastígur	400.000
Fiskasafn Norðtanga Ólafsvík	Gamlir munir og vinnuhættir	200.000
Sýningar:		
Akraneskaupstaður	Útiljósmyndasýning brottfluttra ljósmyndara	700.000

Ljósmyndasafn Akraness	Sýning um hernámið	450.000
Grunnskólinn í Borgarnesi	Sýning um 100 ára skólastarf	400.000
Bókasafn Akraness	Leirárgarða- og Beitistaðaprent	400.000
Ragnheiður K. Pálsdóttir	Ljósmyndasýning utandyra	200.000
Birta Rán Björgvinsdóttir	Ljósmyndasýning, Sjálfsmynd unglings	100.000
Tónlist:		
Grundaskóli (tvö verkefni)	Söngleikir: Ungur – Gamall og söngleikur samin úr íslenskum fornsögum	750.000
Kór Stykkishólmskirkju	Sumartónleikaröð með íslenskum flytjendum	500.000
Skólahljómsveit Akraness, Lúðrahljómsveit Stykkishólms og Trommusveit Snæfellsness	Suðræn sveifla	500.000
Þjóðlagasveitin Akranesi	Tónleikaröð ásamt Herði Torfassyni	500.000
Snæfellsbær, samstafsverkefni	Frumsaminn söngleikur	500.000
Samhljómur	Alþjóðleg tónlistarhátíð Reykholti	400.000
Guðrún Ingimarsdóttir	Vínartónleikar á Viðburðarviku	300.000
Hanna Þóra Guðbjartsdóttir, Akranesi	Söngfugl að vestan	200.000
Karlakórinn Söngbræður	Tónleikar vítt og breitt um Vesturland , samstarf, eldri borgarar.	150.000
Hinir síungu, meðleikari Valentina Kay	Tónleikar á Snæfellsnesi	150.000
IsNord	Tónlistarhátíð	150.000
Akraneskaupstaður, Heiðrún Janusardóttir	Trúbadornámskeið, Hátíð unga fólksins	100.000
Kammerkór Akraness	Tónleikar	100.000
Freyjukórinn Borgarfirði	Tónleikar	100.000